

Stytting langra samhljóða í bakstöðu

1. Inngangur

Í beygingarkerfi forníslensku nýttist greinarmunur stuttra og langra samhljóða til að skilja milli ákveðinna beygingarmynda.¹ Slikur greinarmunur var fyrir hendi í beygingu nafnorða, lýsingarorða og sagna.

Nefnifall eintölu af tilteknum karlkynsnafnorðum greindist frá öðrum beygingarmyndum með tvöföldu lokasamhljóði. Þetta mynstur fannst bæði í einkvæðum og tvíkvæðum orðum.

	r	s	n	l
nefnifall	geirr	yss	þjónn	þræll
þolfall	geir	ys	þjón	þræl

Tafla 1: Einkvæð karlkynsnafnorð.

	r	s	n	l
nefnifall	hamarr	–	himinn	lykill
þolfall	hamar	–	himin	lykil

Tafla 2: Tvíkvæð karlkynsnafnorð.

Í lýsingarorðum og fornöfnum var sams konar mynstur fyrir hendi. Nefnifall eintölu í karlkyni hafði þá langt samhljóð en aðrar beygingarmyndir ekki, til dæmis nefnifall kvenkyns eintölu:

	r	s	n	l
karlkyn	hverr	fúss	seinn	sæll
kvenkyn	hver	fús	sein	sæl

Tafla 3: Einkvæð lýsingarorð / fornöfn.

¹ Ég þakka ritrýnendum og ritstjórum *Íslensks máls* fyrir viðtækar og rækilegar athugasemdir.

	r	s	n	l
karlkyn	nøkkurr	ýmiss ²	bitinn	lítill
kvenkyn	nøkkur	ýmis	bitin	lítill

Tafla 4: Tvíkvæð lýsingarorð / fornöfn.

Í sagnbeygingu var það þriðja persóna eintölu í nútíð framsöguháttar sem merkt var með tvöföldu samhljóði:

	r	s	n	l
3. persóna	ferr	less	skínn	vill
1. persóna	fer	les	skín	vil

Tafla 5: Sagnmyndir.

Loks voru myndir nefnifalls og þolfalls í fleirtölu nokkurra kvenkynsnafnorða með tvöföldu samhljóði en aðrar beygingarmyndir höfðu einfalt samhljóð. Þetta tilfelli er ólíkt hinum að því leyti að ekki er fyrir hendi önnur beygingarmynd sem myndar lágmarkspar við þessa. Hér hef ég tekið mynd eignarfalls fleirtölu sem samanburðarmynd.

	r	s	n	l
nf. / þf.	dyrr	mýss	brýnn	–
eignarfall	dura	músa	brúna	–

Tafla 6: Kvenkynsnafnorð í fleirtölu.

Í þessum flokki voru engin orð með hljóðinu *l*, að minnsta kosti ekki í varðveittum heimildum.

Þetta kerfi var enn eins og hér er lýst um 1300 en á 14. og 15. öld áttu sér stað verulegar breytingar. Þær breytingar eru hér rannsakaðar nánar en áður hefur verið gert, bæði með tilliti til orsakasamhengis og tímasetningar.

Á 14. öld koma fyrir í handritum nýjar myndir á borð við *deyrr*, *sjórr* og *nýrr*. Eitt helsta nýmæli þessarar greinar er að setja fram skýringar á þessum myndum. Ég held því fram að ritmyndir með *rr* séu hér ekki öfug stöfun og til marks um að *rr* hafi almennt styst heldur séu þetta raunverulegar nýjar framburðarmyndir til komnar fyrir áhrifsbreytingar. Eftir að stoðhljóð kom til sögunnar í myndum eins og *tek-ur*, *hest-ur* og *góð-ur*

² Ég get reyndar ekki fundið að nefnifall karlkyns eintölu, *ýmiss*, komi nokkurs staðar fyrir í varðveittum textum þótt jafnan sé gert ráð fyrir að sú mynd hafi verið til.

voru forsendur orðnar veikari fyrir því að skynja myndir eins og *dey-r*, *sjó-r* og *ny-r* þannig að þar væri endingin *r* merki tiltekinna beygingarmyndar. Leiðin var þá greið til að laga þau heldur að mynstrunum sem *ferr*, *Þórr* og *stórr* eru fulltrúar fyrir, þar sem langt *rr* er einkenni tiltekinna mynda.

Í rannsókninni er lögð áhersla á handrit sem vitað er hvenær rituð voru, þar á meðal Skarðsbók (rituð 1363), Flateyjarbók (rituð 1387–1394) og dagsett skjöl. Einnig varpar rím í skáldskap nokkru ljósi á eðli breytinganna og raunar varpa málbreytingarnar líka svolitlu ljósi á bókmenntasöguna því að þær geta nýst til að aldursgreina rímur.

Fyrst er hér rætt um styttingu *rr* og er það stærsti hluti greinarinnar. Síðan er fjallað í styttra máli um styttingu eða einföldun *ss*, *mm* og *ll*. Reynt er að greiða úr því hvar séu hljóðbreytingar og hvar áhrifsbreytingar en í sumum tilfellum er erfitt að skera úr því með vissu.

2. Fyrri rannsóknir

Áður en ég set fram eigin athuganir á þessum málbreytingum endursegi ég nokkur lykilatriði úr fyrri athugunum. Sum þeirra halda fyllilega sínu gildi en í nokkrum atriðum er hægt að bæta um betur.

2.1 Þróunarstig og tímasetningar

Jóhannes L. L. Jóhannsson athugaði bæði ritháttarbreytingar og vitnisburð skáldskapar og komst að þeirri niðurstöðu að breytingin hafi fyrst orðið í áherslulausri stöðu (t.d. *hamarr* > *hamar*) og á eftir löngu sérhljóði (t.d. *dýrr* > *dýr*). Þessar breytingar taldi hann hefjast um 1340 (Jóhannes L. L. Jóhannsson 1924:74). Styttingu á eftir stuttu áherslusérhljóði (t.d. *byrr* > *byr*, *ferr* > *fer*) taldi hann gerast nokkuð löngu seinna og nefnir ártalið 1440. Hér á eftir rökstyð ég að skemmra hafi verið á milli breytinganna.

Björn K. Þórólfsson komst eins og Jóhannes að þeirri niðurstöðu að fyrri hluti breytingarinnar gerist um miðja 14. öld. Texti hans er knappur og rétt að vísa til hans í heild:

Í fornu máli var tvöfalt eða langt *r* (*rr*) mjög tíðhaft í niðurlagi orða, en stytting verður á 14. og 15. öld. Um miðja 14. öld styttist *rr* í löngum atkvæðum og áherslurýmum endingum; þessar styttingar sjást þráfaldlega í elstu rímum. Í kring um 1500 styttist *rr* eftir stutt sjerhljóð í áherluatkvæðum í nafnorðum eins þótt hið tvöfalda *r* sje stofnlægt (knörr, vörr). Vjer höfum nú einnig stutt *r* í lýsiorðum með uprunalega stofnlægt *rr* (þurr, kyrr), en sá fram-

burður er varla eldri en frá 18. öld; *rr* helst líka ennþá í samsetningum, (þurrabúð, Kyrrahaf). (Björn K. Þórólfsson 1925:xxx)

Þetta ber væntanlega að skilja svo að stytting á eftir stuttu sérhljóði gerist almennt á 15. öld en seinna ef *rr* er hluti af stofni orðsins. Hreinn Benediktsson benti á að í slíkum tilfellum er þess að vænta að áhrifsþrýstingur vegi á móti hinni hljóðkerfislegu breytingu. Beygðar myndir eins og *kyrra* og *kyrrum* ættu þá að styðja eða jafnvel endurreisa gömlu myndina *kyrr* gegn nýju myndinni *kyr*. Á sama hátt ættu myndirnar *fyrri* og *verri* að styðja myndirnar *fyr* og *ver* (Hreinn Benediktsson 1959:58–59). Hér hygg ég að Hreinn hafi verið á réttri leið enda þarf áreiðanlega bæði að gera ráð fyrir hljóðbreytingum og áhrifsbreytingum til að skýra þróunina í heild.

2.2 *Fyrri rannsóknir á vitnisburði rímna*

Umfjöllun um þessa breytingu eins og hún birtist í rímum er að finna þegar hjá Konráð Gíslasyni í fyrirlestrum sem hann hélt 1882. Hann fjallaði þar um rímur fyrir siðaskipti sem samtímalega heild og freistaði þess lítt að rekja þróun innan þeirra (Konráð Gíslason 1897:164–165; 169–170). Finnur Jónsson notaði hins vegar styttingu *rr* á eftir stuttu sérhljóði sem einkenni sem nýtilegt væri til að meta aldur rímna og nefndi hana sem einn þeirra þátta sem greini í sundur rímur fyrir og eftir 1450 (Finnur Jónsson 1902:31). Eins og Jóhannes og Björn leit Finnur svo á að stytting á eftir löngum sérhljóðum væri þegar fyrir hendi á elsta stigi rímna. Í orðabók sinni um rímnamálið, *Ordbog til rímur*, stafsetti Finnur (1926–1928) uppflettiorðin í samræmi við þetta — með styttingu í áherslulausri stöðu (t.d. *Agnar, annar*) og á eftir löngu sérhljóði (t.d. *Þór, stór*) en ekki á eftir stuttu sérhljóði (t.d. *byrr, herr, berr, snarr*). Á sama hátt stafsetti Finnur rímnatexta þegar hann gaf þá út með samræmdri stafsetningu, eins og *hverr* og *vór* sýna í dæmi (1).

- (1) Hálfa fylli hverr skal fá
 hestrinn vór að sinni,
 beisli síðan bragnar þá
 og breyti svó sem eg inni. (Mágus rímur VI.15; *Rímnasafn* II:576)

Eins og fram kemur hér á eftir hefur það málstig sem þessi stafsetning endurspeglar verið skammlíft og raunar er erfitt að benda á nokkurt handrit eða rímnaflokk sem er skýr fulltrúi fyrir það.

2.3 Rannsókn Jóns Helgasonar á Skarðsbók Jónsbókar

Skarðsbók Jónsbókar (AM 350 fol.) er eitt fárra miðaldahandrita íslenskra þar sem þess er getið hvenær ritað var — í þessu tilfelli árið 1363. Jón Helgason lýsti rétttrituninni í Skarðsbók í allmiklum smáatriðum. Í greiningu hans segir að *rr* í bakstöðu á eftir stuttu sérhljóði styttist ekki, þannig að greinarmunur er jafnvel gerður í áherslulausum atkvæðum, til dæmis milli orðmyndanna ⟨nockurr⟩ (nf. kk. et.) og ⟨nôckur⟩ (nf. hk. ft.) (Jón Helgason 1926:68).

Á eftir löngu sérhljóði bendir Jón hins vegar á nýjungar í rithætti:

Efter lang vokal synes forkortelse av *rr* á ha vært gjennomført. Dette viser sig deri, at skriveren innsetter *rr* på uriktige steder. Han har sagt f. eks. *vár* (pron.), *staur*, *þorgeir*, men skriver *uar* (18 b), *staur* (118 b), *þorgeir* (155 b), og i likhet dermed også *seor* 164 a, *uerdr* siorrinn sva mikill ok háR 297 a (: *sior* 80 b), *snior* 214 a, *bær* (subst.) 139 a, *nyR* (adj.) 244 a. De fleste eksempler finnes blandt presensformer: *fæR* (fá) 26 a, 152 a, 272 a, *fæR* 146 b, 209 a, 267 b (: *fær* 19 b, 48 b o. s. v.), *byR* (búa) 222 a, 224 b, *byR* 224 b, 251 a (: *byr* 68 a, 222 a), *deyR* (deyja) 215 b, *deyR* 271 b (: *deyr* 277 a), *flyR* (flýja) 218 a (: *flyr* 218 a), *ræR* (róa) 193 a (: *rær* 128 a), *sér* (sjá) 11 a, *sér* 247 b, *nær* (ná) 265 a, 268 b (: *nær* 265 b). (Jón Helgason 1926:68)

Jón túlkar stafsetningu eins og ⟨*snior*⟩ sem sagt þannig að *rr* hafi styst í lok orða á eftir löngu sérhljóði. Öfug stöfun komi síðan upp um hljóðbreytinguna hjá ritaranum þegar hann notar tákn fyrir langt *rr*, eins og ⟨*R*⟩ eða ⟨*Ŕ*⟩, á óviðeigandi stöðum. Í næsta kafla set ég fram aðra skýringu á þessum rithætti en ég tel hann endurspegla raunverulegar nýjar myndir með löngu *rr*.

3. Beygingarfræðilega skilyrt lenging á *r*

Hvers vegna komu myndir eins og *nýrr* og *sjórr* (sums staðar) í staðinn fyrir hinar eldri myndir *nýr* og *sjór*? Ég tel að þetta sé ekki hljóðfræðileg breyting heldur áhrifsbreyting. Þetta má nú ræða nánar og fyrst um lýsingarorðin.

Einfalt *r* í myndum eins og *nýr* sem tjá nefnifall eintölu karlkyns stangast nokkuð á við karlkynsmyndir eins og *berr* eða *stórr* sem greinast með löngu *rr* frá kvenkynsmyndunum *ber* og *stór*. Langt *rr* merkir karlkynið og kann það enn fremur að hafa stuðst við karlkynsmyndir eins og *ljóss*, *sæll* og *beinn*. Áhrifsbreytingin úr *nýr* í *nýrr* felst þá í því að *nýrr* tekur

þátt í því mynstri að langt samhljóð merki karlkyn. Raunar tekur *rr* við af *r* í fleiri beygingarmyndum þessara lýsingarorða á 14. öld því að *nýri*, *nýrar* og *nýra* viku fyrir *nýrri*, *nýrrar* og *nýrra* og sú breyting er gengin í gegn í Möðruvallabók (de Leeuw van Weenen 2000:184). Hins vegar er *r*-ið ekki endurtúlkað sem hluti af stofninum, ég þekki engin dæmi um myndir eins og **nýran* eða **nýrir* í stað *nýjan* eða *nýir*.

- | | |
|---------------------------------|-----------------------------------|
| (2) a. <i>nýr</i> → <i>nýrr</i> | stórr, ljóss, sæll, beinn |
| b. <i>nýri</i> → <i>nýrri</i> | stórri, ljóssi, sælli, beinni |
| c. <i>nýrar</i> → <i>nýrrar</i> | stórrar, ljóssar, sællar, beinnar |
| d. <i>nýra</i> → <i>nýrra</i> | stórra, ljóssa, sælla, beinna |

Hvers vegna ætti *nýr* að verða *nýrr* á 14. öld fremur en fyrir? Eitt sem vænta má að hafi liðkað til fyrir breytingunni er tilkoma stoðhljóðsins *u* um 1300. Orð sem áður höfðu greinilega *r* sem beygingarendingu fengu þá flest endinguna *ur* í staðinn. Meðan myndir eins og *góð-r* voru fyrir hendi gátu þær stutt það að myndir eins og *ný-r* væru túlkaðar sem svo að þær hefðu nefnifallsendinguna *r*. Eftir breytinguna í *góð-ur* hefur tilfinningin fyrir *r* sem nefnifallsendingu karlkyns dofnað og samanburðurinn við myndir eins og *stórr* þá orðið nærtækari en áður var.

Mjög svipaða sögu má segja um nafnorð eins og *sjór*. Aftur má sjá fyrir sér áhrifsþrýsting til að tvöfalda samhljóðið í nefnifalli vegna fordæmis orða eins og *byrr* og *Þórr* og jafnvel líka *áss*, *þjónn* og *þræll*. Og aftur hefur stoðhljóðsinnskotið deytt tilfinninguna fyrir því að stakt *r* í *sjór* væri nefnifallsending með breytingum eins og að *hestur* varð *hestur*. Athyglisvert er að í sumum orðum var það ekki aðeins nefnifallið sem samlagaðist beygingarmynstrinu sem orðið *Þórr* er fulltrúi fyrir heldur einnig þolfallið. Þannig má finna *Freyr* og *Týr* sem þolfallsmyndir.

- | | |
|-------------------------------------|-------------------------|
| (3) a. <i>Freyr</i> → <i>Freyrr</i> | Þórr, áss, þjónn, þræll |
| b. nf. et. Þórr : þf. et. Þór | |
| nf. et. <i>Freyrr</i> : þf. et. X; | X = <i>Freyr</i> |

Í sagnmyndum eins og *deyr* virðist tvöföldun samhljóðsins ekki hafa verið jafn-útbreidd. Eins og nánar er greint frá hér á eftir finnast myndir eins og *deyrr* í Skarðsbók en ekki í Möðruvallabók. Breytinguna má eigi að síður útskýra á svipaðan hátt og hinar sem áhrifsþrýstingur frá myndum eins og *ferr*, *ríss*, *vill* og *skínn* þar sem tvöfalt samhljóð merkir aðra og þriðju persónu eintölu. Þessar myndir voru þó tiltölulega fáar. Aftur má segja að stuðningur við *r* sem endingu minnki við að stoðhljóð kemur inn

í sagnmyndir eins og *tekr* og *sýgr*. Hins vegar var *r* áfram merki annarrar og þriðju persónu í veikum sagnmyndum eins og *kalla-r* og *vaki-r* og það gæti hafa stutt myndir eins og *dey-r* gegn nýjunginni *deyrr*.

(4) *deyr* → *deyrr* *ferr*, *ríss*, *vill*, *skínn*

Þegar ofantalin beygingarfræðileg mynstur eru höfð í huga virðist skiljanlegt hvernig nýju myndirnar *nýrr*, *sjórr* og *deyrr* urðu til og jafnframt að *deyrr* hefði takmarkaðri útbreiðslu en hinar nýjungarnar. Mikilvægt er að þessar breytingar eru ekki til marks um almennan samruna *r* og *rr* á hljóðkerfislegum grundvelli.

4. Ritháttur heimilda

Til að tímasetja þær breytingar sem hér er rætt um hef ég kannað rithátt handrita og fornbréfa og lagt mesta áherslu á þær heimildir sem hafa ritunarár sem okkur er kunnugt um.

4.1 Skarðsbók

Í kafla 2.3 birti ég dæmasafn Jóns Helgasonar úr Skarðsbók, sem rituð er 1363. Þau dæmi falla öll í nokkra beygingarfræðilega flokka og það er vísbending um að hér séu á ferðinni áhrifsbreytingar fremur en hljóðbreyting, eins og rætt er í kafla 3. Í safninu er til að mynda ekkert dæmi um unga stafsetningu í fornafnamyndunum *vár* eða *várr* þar sem bæði myndir með *r* og *rr* eru til að fornu. Til að kanna þetta nánar hef ég athugað hvernig *vár(r)* er stafsett á blöðum 74v–77r sem innihalda bréf frá konungum, gjarnan í fyrstu persónu fleirtölu. Ég hef fundið 11 tilfelli og eru þau stafsett eins og hér er sýnt:

(5) Skyllða uár (74v), fadir uar (75r), fadir uaR (76r), fadir uaR (76r), til uár (76r), bref uar (76r), bref uar (76r), uar bref (76r), uár skyllða (76v), þessi uaR [...] bodskapr (77r), canceler uaR (77r) (AM 350 fol.)

Í öllum tilfellum hefur skrifarinn greint milli mynda með *r* og mynda með *rr* eins og í klassískri fornislensku — *várr* er nefnifall eintölu karlkyns eignarfornafnsins en *vár* er nefnifall eintölu kvenkyns og jafnframt nefnifall hvorugkyns fleirtölu þess sama fornafns. Loks er *vár* eignarfall persónufornafnsins *vér*.

Þegar almenn hljóðbreyting á sér stað og skrifari reynir að viðhalda eldri rithætti má spyrja hvers konar myndir séu erfiðastar viðfangs. Gjarn-

an reynist þá erfiðast að viðhalda greinarmun á tveimur myndum sem eru runnar saman í framburði. Sem dæmi má nefna Íslendinga nútímans sem viðhalda greinarmun á *y* og *i* í stafsetningu. Oft gengur þá skaplega að treysta á sjónminni með atriði eins og að *syngja* hefur *y* og *bringja* hefur *i* en verr að gera greinarmun á *leyti* og *leiti* eða *hyst* og *list* þar sem báðir möguleikar eru réttir en við mismunandi aðstæður.

Ef mál 14. aldar er skoðað með þetta í huga mætti búast við því að myndir eins og *deyr*, *sjór* og *nýr* væru fremur auðveldar viðfangs í íhaldsamri stafsetningu þar sem gamla málið hafði engar myndir eins og *deyrr*, *sjórr* eða *nýrr* til að rugla þeim saman við. Hins vegar hefði átt að vera sérstaklega erfitt að skilja rétt á milli *vár* og *várr* þar sem báðar myndirnar eru að fornu réttar en við mismunandi aðstæður — eins og *leyti* eða *leiti*. Með öðrum orðum hefði almenn hljóðbreyting ekki átt að leiða íhaldsamán skrifara til þess villumynsturs sem sést í AM 350 fol. þar sem greint er skarpt milli *vár* og *várr* en ritað *deyrr*, *sjórr* og *nýrr*. Fremur hefði mátt búast við að „villurnar“ væru einmitt á hinn veginn.

Sami skrifari er talinn hafa ritað handrit biskupasagna sem Stefán Karlsson lýsti. Í samræmi við rithátt Skarðsbókar fann Stefán dæmi í biskupasagnahandritinu sem mætti rita með samræmdri stafsetningu *hárr*, *sjórr*, *færr* og *bærrinn* (Stefán Karlsson 1967:18). Orðmyndir eins og *bærrinn* styðja enn þá túlkun að hér sé beygingarleg endurskipulagning fremur en hljóðbreyting í bakstöðu.

4.2 Ritháttur Möðruvallabókar

Hið mikla sagnahandrit Möðruvallabók verður ekki tímasett nákvæmlega en flestir hafa litið svo á að það sé skrifað á fyrri hluta 14. aldar eða um hana miðja (de Leeuw van Weenen 2000:1). Andrea de Leeuw van Weenen hefur á ítarlegan hátt lýst rithætti handritsins og þeim beygingarmyndum sem þar koma fyrir. Hún bendir á að langt *r* í nefnifalli sé einkenni á karlkynsnafnorðum þar sem stofninn endar á löngu sérhljóði og kemur *rr* fyrir í 86 af 88 tilfellum (de Leeuw van Weenen 2000:143). Þannig eru myndir eins og *sjórr* og *bærr* hið venjulega hjá skrifaranum. Sama er uppi á teningnum með lýsingarorð eins og *blárr* og *nýrr* þar sem langa *r*-ið kemur fyrir í 54 af 55 tilfellum (de Leeuw van Weenen 2000:184).

Langa *r*-ið í þessum tilfellum er ekki til marks um almenna tilhneigingu til að rugla saman *r* og *rr* í bakstöðu. Þetta má til dæmis sjá með því að líta á þær myndir sem fyrir koma af lýsingarorðinu *stórr*. Nefnifall ein-tölu karlkyns kemur fyrir þrisvar og er alltaf ritað með löngu *rr*. Kvenkyn

nefnifalls eintölu kemur einnig þrisvar fyrir og er alltaf ritað með stuttu *r*. Loks koma myndir nefnifalls og þolfalls fleirtölu í hvorugkyni fyrir 20 sinnum og eru alltaf ritaðar með stuttu *r* (van Arkel-de Leeuw van Weenen 1987 I:180).

Greinarmunurinn á *r* og *rr* í áherslulausum atkvæðum lifir einnig góðu lífi í Möðruvallabók. Til dæmis kemur nafnið *Einarr* 65 sinnum fyrir í nefnifalli og er alltaf ritað með tvöföldu *rr*. Þolfallið kemur 10 sinnum fyrir og er alltaf ritað með stuttu *r* (van Arkel-de Leeuw van Weenen 1987:33).

Þegar þetta er haft í huga er ekki hægt að greina myndir eins og *sjórr* eða *nýrr* þannig að um misheppnaða fyrnsku og öfuga stöfun sé að ræða. Gegn því mæla einnig myndir eins og *bærrinn* og *sjórrinn* sem sýna að breytingin einskorðast ekki við bakstöðu. Þessar ritmyndir hljóta að endurspeglar raunverulega stöðu íslenska beygingarkerfisins um miðja 14. öld, að minnsta kosti í máli sumra.

4.3 Ritháttur handrita við lok 14. aldar

Til að rekja þróunina áfram eftir málstigið sem þegar hefur verið lýst er hér litið á tvö handrit frá lokum 14. aldar.

Flateyjarbók (GKS 1005 fol.) var rituð á árabílinu 1387–1395 og tveir menn rituðu hana — Jón Þórðarson og Magnús Þórhallsson. Ekki er til ítarleg stafsetningarlýsing á handritinu en ég hef athugað sýnishorn af textanum í stafréttri útgáfu Guðbrands Vigfússonar og C. R. Unger. Af því sem Jón Þórðarson ritaði hef ég lesið síður I.29–70 en af verki Magnúsar Þórhallssonar hef ég lesið I.8–29 og III.3–44.

Merki um sömu áhrifsbreytingar og fyrr er lýst má einnig finna hér, t.d. <færr> (I.43), <snyrr> (I.49), <Grimsbærr> (I.50), <diupsærr> (I.69) og <sniorrinn> (III.5), en eldri myndir koma einnig fyrir, t.d. <byr> (I.30), <deyr> (I.43) og <trur> (I.8).

Í áherslulausum atkvæðum má finna merki um styttingu. Fornar nefnifallsmyndir með *rr* eru að vísu algengar en báðir skrifarar nota líka nefnifallsmyndir með *r*. Magnús er sennilega hallari undir yngri myndirnar en Jón — til dæmis koma <valldimar>, <hroar> og <einar> fyrir hjá Magnúsi á sömu blaðsíðu (*Flateyjarbók* III.3; GKS 1005 fol. 164r).


(6) Einarr > Einar (*rr* styttist í bakstöðu í áhersluleysi)

Í áhersluatkvæðum hefur stytting á *rr* í bakstöðu hins vegar ekki orðið í Flateyjarbók, hvorki á eftir stuttu né löngu samhljóði. Gott sýnidæmi um

Þetta er nafnið *Þórr*. Ég hef fundið 40 dæmi í handritinu þar sem nafn Þórs kemur fyrir í þolfalli eða þágufalli og í öllum tilfellum er það ritað með einu *r*. Nefnifallið kemur 17 sinnum fyrir. Það er 15 sinnum ritað með tvöföldu samhljóði, einu sinni með einföldu *r* (I.320) og einu sinni með tvíraðri skammstöfun (I.567).

Til að sýna dæmi um stafsetningu Flateyjarbókar hef ég hér tekið upp fimm línur af bl. 39v í stafréttri uppskrift ásamt mynd af línunum í handritinu:

- (7) unu hann uilea efla þig sua at þu megir myklu orka en þu kallar þor audgætligan ok uan megin en ek uænti at þer mun at óðru verda nu man ek lata gera bal mikit en þit þorr gangit at sinu megin huorr ok takizst þit j hendr. ok mun sa ykkar sigr hafua er annan dregr vm elldin ætla ek at þorr verde þer handsterkr. konungr mællti. huerr madr heyrde sligt einge madr dirfdi (*Flateyjarbók* I.297; GKS 1005 fol. 39v)



Mynd 1: Sex línur af bl. 39v í GKS 1005 fol.

Loks má nefna fáein frávík sem komu í leitirnar: <fyr> (I.31), <skialld-mærr> (I.45), <uorr> fyrir nafnorðið *vor* (I.48) og <spyr> fyrir *spyr* (I.63). Í löngum texta má alltaf búast við svolitlum skammti af pennaglöpum og þessi dæmi eru ekki fleiri en svo að þau megi skýra þannig. Til samanburðar má geta um nokkur pennaglöp sem lítil líkindi eru til að endurspegli framburð: <Raghilldr> (I.42), <Eitt hvert sin> (I.44), (fyrir *öll*, I.46), <biugu> (fyrir *bjuggu*, I.49), <sæt> (fyrir *sætt*, I.58), <vnda> (fyrir *undan*, I.61), <yð> (fyrir *yðr*, I.62).

Alfræðihandritið AM 194 8vo var ritað árið 1387, eins og Flateyjarbók. Texti handritsins er fremur stuttur og hefur fá dæmi um það sem hér er til umræðu. Samt sem áður veitir það nokkrar upplýsingar. Kristian Kålund skrifaði eftirfarandi um stafsetningu handritsins:

Enkelt *r* for *rr* foreligger i annar 17₂₅ (endvidere er med enkelt *r* opløst følgende former af samme ord, hvor bogstavet står interlineart: *annar*, *annar*,

annara, annara), -gior 32₁₄, Gunnar 16₁₇, -sar 39₁₆, sidar 46₈, 47₂₅, stor 39₁, vór (pron.) 33₁. rr for r er skrevet i harr 49₅ (men hár 48₂₁ pp.); hvad angår vinberr 72₉, står abbreviaturen ' muligvis kun for vokal. r, som er ikke sjældent i forlyd, forekommer nogle gange i endelser (byr 90₁₅, sior 22₂₁, snior 4₄) muligvis som tegn for rr, dog findes ved siden heraf de normale former sior 11₉ pp., siar 38₂, snær 15₁₁. (Kålund 1908:xiv)

Myndirnar *býrr*, *sjórr* og *hárr* sýna sömu þróun og áður var lýst í AM 350 fol. og aftur er ekki um fullt samræmi að ræða því að gömlu myndirnar finnast líka. Hér má þó finna nokkur dæmi um stytta myndir, þar á meðal <Gunnar> og <stor>, og benda þær til að hljóðbreyting sé hafin — kannski sérstaklega í áherslulusri stöðu, eins og í Flateyjarbók, og á eftir löngu sérhljóði.

(8) stórr > stór (stytting rr á eftir löngu sérhljóði)

4.4 Dagsett skjöl

Stefán Karlsson lýsti þróun stafsetningar í íslenskum skjölum fyrir 1450 í óútgefinni meistaraþrófsritgerð sinni. Þar segir eftirfarandi:

Allerede i de ældste breve findes der tegn på overgangen rr > r i udlyd, særlig i tryksvag stavelse, således fyr nr. 3 (Skag.? [1295–1313]). De fleste breve i første halvdel af det 14. århundrede skelner dog mellem r og rr i udlyd, men i sidste halvdel af århundredet bliver det mere almindeligt at skrive r for rr i denne stilling. En af de få skrivere fra denne tid som opretholder den gamle forskel er E[inar]r]H[afliðason], men hos de skrivere som har blandede former er former med bevaret rr dog som regel de hyppigste. Efter 1400 bliver enkeltskrivninger mere almindelige, og de sidste skrivere som leverer nævneværdigt materiale og nogenlunde har bevaret rr i udlyd er skriversne af nr. 113 og 114 (Eyj. 1401). (Stefán Karlsson 1960:160)

Bréfin frá 1401 sem hér um ræðir hafa nefnifallsmyndirnar <arnorr> (113.1), <gizsorr> (113.1), <huerr> (113.16), <arnorr> (114.1), <einarr> (114.10), <hverr> (114.12) og <annarr> (114.20) en einnig <æinar> (113.13) svo að jafnvel hér er að finna vísbendingu um styttingu í áherslulusri stöðu. Slíkan vitnisburð má einnig finna í miklu eldri skjölum. Í ódagsettu skjali sem ber innsigli Jörundar biskups Þorsteinssonar (d. 1313) er nefnifallsmyndin <feriu hamar> (3.24) og í skjali sem tímasett er til 1311 er myndin <gren hamarr> (6.7) í þolfalli en þar er um öfuga stöfun að ræða. Tölurnar hér vísa til raðtölu bréfa og línu í stafréttri útgáfu Stefáns Karlssonar (1963) á íslenskum frumskjölum.

Skjölin gefa okkur líka færi á að bera saman þróunina á eftir löngu sérhljóði og stuttu sérhljóði. Hér hefur Alex Speed Kjeldsen (2016) rutt brautina en hann rannsakaði þróun fornafna í varðveittum frumbréfum á íslensku fram til 1450. Hér má athuga áhrif sérhljóðsins með því að bera saman fornöfnin *hvárr* og *hverr*.

Í mynd nefnifalls eintölu karlkyns af fornafninu *hvárr* finnur Kjeldsen 61 dæmi frá tímabilinu 1360–1450. Af þeim hafa aðeins 15 (25%) rithátt sem gefur til kynna langt samhljóð (Kjeldsen 2016:368). Af fornafninu *hverr* eru 19 dæmi um nefnifall eintölu karlkyns frá tímabilinu 1310–1449 og 12 (63%) af þeim hafa tvöfalt samhljóð. Þetta styður hina arfteknu skoðun að breytingin gerist fyrr á eftir löngu sérhljóði. Rétt er að geta þess að yngsta dæmið um *hverr* með löngu samhljóði hjá Kjeldsen er frá árinu 1432 og eftir það er hann með dæmi um stutt samhljóð frá árunum 1432, 1443 og 1449 (Kjeldsen 2016:371).

Önnur gagnleg fornafnsmynd er karlkynsmyndin *várr* sem Kjeldsen hefur aðeins eitt dæmi um með löngu samhljóði, í skjali frá 1365. Síðan hefur hann 16 dæmi um stutt samhljóð frá tímabilinu 1405–1449 (Kjeldsen 2016:345).

Það virðist ljóst að breytingin á eftir löngu samhljóði sé um garð gengin 1450 en gott væri að hafa líka yngri gögn um ástand mála á eftir stuttu samhljóði. Ég hef þess vegna safnað dæmum um sagnmyndina *berr* (3. p. et.) í skjölum frá tímabilinu 1451–1500 en hún er þar tiltölulega algeng. Ég safnaði gögnunum með því að leita í ljóslesnum útgáfum af bindum I–VII í *Íslenzku fornbréfasafni*. Ég tók aðeins með vottfest dagsett frumbréf. Niðurstaðan var 34 bréf með alls 38 dæmum. Af þeim er 31 tilfelli með einföldu samhljóði og sjö með tvöföldu samhljóði:

- (9) a. *berr*: V.85 (1452), V.645 (1473), V.667 (1474), VI.132 (1478), VI.274 (1480), VI.323 (1481), VII.344 (1496)
- b. *ber*: V.139 (1457), V.211 (1461), V.382 (1464), V.516 (1470), V.575 (1471), IV.648 (1471), V.631 (1473), V.650 (1474), V.652 (1474), V.685 (1474), V.710 (1475), VI.128 (1478), V.173 (1479), VI.268 (1480), III.531 (1487), VI.189 (1481), VI.318 (1481), VI.348 (1481), VI.360 (1482), VI.559 (1488), VI.632 þrisvar (1490), VII.183 (1492), VII.188 (1492), VII.226 (1493), VII.271 tvisvar (1494), VII.446 (1499), VII.485 tvisvar (1500)

Til að komast að raun um það hvort stafrétta útgáfan í fornbréfasafninu væri nógu nákvæm til að nota við rannsóknir af þessu tagi athugaði ég frumbréfin sjálf í fimm tilfellum: VI.268 (AM dipl. Isl. fasc. XXV, 5),

VI.274 (AM dipl. Isl. fasc. XXV, 6), VI.323 (AM dipl. Isl. fasc. XXVI, 22), VII.344 (AM dipl. Isl. fasc. XXXII, 4) og VII.485 (AM dipl. Isl. fasc. XXXIV, 37). Í öllum þessum tilfellum reyndist uppskriftin í fornbréfasafninu rétt.

Dæmin hér að framan sýna að á seinni hluta 15. aldar er ríkjandi stafsetning af *ber(r)* (3.p. et.) með einföldu samhljóði en eldri myndin með tvöföldu samhljóði finnst þó í sjö skjölum. Ég hef athugað þessi skjöl í leit að fleiri dæmum sem reyna á þessa breytingu og fundið eitthvað í sex þeirra (öllum nema V.85). Fjögur skjöl sem hafa fornu myndina ⟨berr⟩ hafa aðrar orðmyndir sem sýna að stytting á *rr* í bakstöðu hefur átt sér stað:

- (10) V.645 (1473): ⟨huer⟩
 V.667 (1474): ⟨huer⟩
 VI.323 (1481): ⟨huir⟩, ⟨fyr⟩
 VII.344 (1496): ⟨huer⟩

Á hinn bóginn eru tvö skjalanna með dæmi um gamla stafsetningu í öðrum orðum:

- (11) VI.132 (1478): ⟨fyrreindan⟩
 VI.274 (1480): ⟨hwerr⟩

Þessi vitnisburður er of lítill að vöxtum til að segja til um það hvort þessir skrifarar viðhéldu hinum fornu myndum almennt og gerðu þá til dæmis greinarmun á *hverr* (kk.) og *hver* (kvk.). Ef þeir gerðu það er að minnsta kosti óhætt að segja að þeir voru þá í litlum minnihluta.

5. Stytting annarra samhljóða í bakstöðu

5.1 Stytting *ss*

Fræðimenn hafa gefið styttingu *ss* í bakstöðu minni gaum en styttingu *rr* og hefur það ugglaut ráðið mestu að orð með *ss* eru töluvert sjaldgæfari. Jóhannes L. L. Jóhannsson bendir á að *ss* verði að mestu samfara *rr* en að *ss* styttist þó aldrei í stofni orða:

Sama einföldun, sem á *rr*, verður og á *ss* (f. *sr*), t. d. *meis* f. *meiss*, en eigi í eignarfalli. Þar helzt *ss* vegna sambandsins við hin föllin og önnur orð, t. d. Um þá hluti eina kýs hugr ombun (DI. I 449, handr. 1400), Sigfús Ljótsson (DI. IV 339, frbr. 1426). Annars er auðsætt, að *ss*, einkum þó sé það rótlægt, er miklu fastara fyrir en *rr*, þótt rótlægt sé. Þannig helzt *ss* óbreytt alla tíð í

sess, þótt *knörr* hafi orðið *knör*, og mætti þar nefna ýmis orð þessum lík. (Jóhannes L. L. Jóhannsson 1924:75–76; sjá einnig Björn K. Þórólfsson 1925:xxxí sem er enn gagnorðari)

Þetta er í aðalatriðum rétt. Þó er greinilegt að *ss* hefur þrátt fyrir allt styst í máli sumra þótt um eignarfallsmyndir væri að ræða. Þannig virðist rétt að skýra eftirfarandi rím úr Grettis rímum sem sennilega eru ortar á 15. öld:

(12) Hristir sagði hilldar blyss:

„hefir eg næsta fengit slys; (Grettis rímur III.10; *Rímnasafn* I:56)

Blyss Hildar er sverð og hristir þess er hermaður. Hér er einlægast að gera ráð fyrir myndinni *blyss* í eignarfalli í máli skáldsins.

Finnur Jónsson leit greinilega svo á að stytting *ss* hafi orðið samfara styttingu *rr*. Í rímnaorðabók sinni virðist hann fylgja sömu reglu og með *rr* — flettturnar sýna styttingu *ss* þar sem sérhljóðið er langt (t.d. *ís*, *fús*) en ekki þar sem sérhljóðið er stutt (*yss*, *þyss*). En aftur er full ástæða til að telja að orð eins og *íss* og *fúss* hafi enn haft tvöföld samhljóð við upphaf rímnaaldar. Í Flateyjarbók er hin forna aðgreining enn við lýði eins og til dæmis má sjá af því að greinarmunur er gerður á myndunum *laus* og *lauss* sem oft koma fyrir, eins og hér:

(13) a. skip Hakonar leku uid laus (*Flateyjarbók* III:363)

b. þa vard elldr lauss (*Flateyjarbók* III:175)

Ofantalið má draga saman svo að merki séu um að stytting hafi orðið á *ss* alls staðar þar sem langt sérhljóð fór á undan, einnig í eignarfallsmyndum. Þetta er í samræmi við þá greiningu að um hljóðfræðilega breytingu sé að ræða. Myndin er ekki jafnljós á eftir stuttu sérhljóði en sannarlega styttest myndirnar *yss*, *þyss* og *less* og dæmið í Grettis rímum bendir til að stytting hafi getað átt sér stað í eignarfallsmyndum eins og *blyss*. Hins vegar finnast engin merki um styttingu í orðum eins og *kross* þar sem *ss* er stofnlægt. Þetta má skýra sem svo að áhrifsþrýstingur hafi viðhaldið tvöfalda samhljóðinu. Einnig mætti þó spyrja hvort þessi stytting sé í raun betur skýrð sem beygingarfræðilegt fyrirbæri fremur en hljóðfræðilegt. Oskar Bandle gefur þeirri túlkun undir fótinn:

Da sowohl *les* wie *mis* (dies nach dem Präf *mis*-) auf Analogie beruhen können, ist es fraglich, ob *ss* nach kurzem betontem Vokal überhaupt lautgesetzlich gekürzt wurde.³ (Bandle 1956:100)

³ Þar sem bæði *les* og *mis* (þetta af forskeytinu *mis*-) geta byggst á áhrifsþrýstingur er spurning hvort *ss* hafi yfirleitt orðið fyrir hljóðréttri styttingu á eftir stuttu sérhljóði.

Það mætti hugsa sér að fyrst hafi orðið hljóðfræðileg stytting á eftir löngu sérhljóði í myndum eins og *íss* og *kýss*. Það hafi síðan grafið svo mjög undan löngu *s* sem beygingarfræðilegu merki (14a) að analógísk stytting í orðmyndum eins og *yss* og *less* hafi fylgt í kjölfarið (14b).

- (14) a. *kýss* > *kýs* (*ss* styttist á eftir löngu sérhljóði)
 b. *less* → *les* (botninn dottinn úr *ss* sem merki 3. p. et.)

Jafnvel mætti hugsa sér að sama hafi verið uppi á teningnum með eignarfallsmyndir. Fyrst hefur þá orðið hljóðfræðileg stytting á eftir löngu sérhljóði þannig að *húss* verður *hús*. Það grefur síðan undan eignarfallsmyndum með stuttu sérhljóði þannig að *blyss* verður *blys*. En einnig þarf þó að gera ráð fyrir áhrifsstuðningi við eignarfallsmyndir frá hinni almennu eignarfallsendingu *s* enda eru myndir eins og *húss* og *blyss* áfram til. Í Nýja testamenti Odds eru bæði myndir eins og ⟨*husins*⟩ og ⟨*hussins*⟩ (Jón Helgason 1929a:45) og sama er að segja um Guðbrandsbiblíu (Bandle 1956:99).

Í stöðluðu nútímamáli er það eitt talið rétt að hafa tvöfalt *s* í eignarfalli orða eins og *húss* og *blyss* en í talmáli bregður til veggja vona um það hvort *s*-ið er langt eða stutt og oft má sjá stafsetningu með einu *s*-i skjóta upp kollinum. Við leit á *Tímarit.is* finnast hundruð dæma um myndir eins og *húsins* og *slysins*.⁴ Má þá ef til vill segja að sú breyting á þessum myndum sem upp kom á 15. öld hafi aldrei verið til lykta leidd en aldrei orðið fullkomlega afturreka heldur.

5.2 Stytting *nn*

Í bakstöðu einfaldaðist *nn* í sagnbeygingu (*skinn* varð *skín*) og í fleirtölu myndinni *brynn* sem varð *bryn* (þótt *brynnar* með greini væri áfram til). Í Flateyjarbók eru gömlu myndirnar þó enn við lýði:

- (15) a. konungr berr a brynn þeim (*Flateyjarbók* I:401; GKS 1005 fol. 53r)⁵
 b. solin skinn a gullit (*Flateyjarbók* II:125)

Tvöfalt *nn* einfaldaðist líka í nefnifalli nafnorða og lýsingarorða í karlkyni, eins og *þjónn* og *kænn*, en sú þróun virðist aldrei hafa náð til allra málhafa og afbrigðið dó síðan út. Þessi stytting hefur lítið verið rannsök-

⁴ *slysins*: 108 dæmi, *slyssins*: 11.478 dæmi; *húsins*: 1321 dæmi, *hússins*: 176.066 dæmi

⁵ Hér er villa í prentuðu útgáfunni. Þar stendur ⟨*bryn*⟩ en í handritinu er greinilega skrifað ⟨*brynn*⟩.

uð. Oskar Bandle fjallar þó um hana í lýsingu sinni á máli Guðbrandsbiblíu. Hann bendir á það sem vænta mátti að í Guðbrandsbiblíu er *skínn* orðið *skín* og *brynn* orðið *bryn*. Um nafnorð í nefnifalli eintölu segir hann eftirfarandi:

NomSg von **mask**. **Subst**: durchgängig in dem häufig belegten *Þion* I Mos 24,52, I Kg 27,5 Psalt 19,12, Es 41,9, Rom 1,1, *þionen* I Mos 24,5, Matth 10,25 usw., vereinzelt in *Hrein* »Renntier« V Mos 14,5 *fulltjings Stein* I Kg 4 R., *jllur Daun* Es 3,24 (vgl. dagegen *þesse steirn* I Mos 28,22 *Sueirnen* ibid. 22,5 usw.) (Bandle 1956:100)

Ekki er ljóst hvers vegna breytingin er einkum bundin við orðið *þjónn* en það orð er algengt í trúarlegum textum. Ef til vill mætti hugsa sér að í áhrifamiklu menntasetri hafi mállýska með einföldu *n* í nefnifalli tíðkast og þar hafi einhverjar prestar lært myndina *þjón* án þess að breyta tali sínu að öðru leyti — með þeim hafi breytingin síðan breiðst út. Þannig hugsar Jón Helgason sér að framburðarnýjungin *gvuð* hafi náð yfirhendinni (Jón Helgason 1929b:451). Um orðið *þjónn* eru þetta þó aðeins getgátur. Erfitt hefur reynst að rannsaka mállýskumun á Íslandi fyrir siðaskipti enda er ekki nema endrum og sinnum vitað hvar á landinu tiltekin verk voru samin eða tiltekin handrit rituð.

Um styttingu í lýsingarorðum finnur Bandle einungis fáein dæmi:

NomSgMask von **Adjektiv**en: nur vereinzelt Beispiele: *lat onguan fara vpp med þier / og ad einginn verde sien hier i nænd Fiallenu* II Mos 34,3, *Suoddan Vidur hafde ecke fyrr sien vered* II Chr 9,11 *Riettsyn* Psalt 37,37, *Eirn frammsyn Madur* Ordzk 27,12, *huer ein lite eigi vppa það sem hans er* Phil 2,4, vgl. auch *Akk ein nyan mann* Ephes 2,15 (Bandle 1956:100)

Eins og Bandle (1956:101) bendir á gæti prentvillum verið að kenna um sum þessara dæma. Heildarmyndin er samt sú að stytting *nn* í bakstöðu hefur einhvern tíma verið útbreiddari en hún er í nútímaíslensku. Ótvíræð rimbundin dæmi eru einnig um þetta í miðaldarímum (sjá áður Aðalstein Hákonarson 2016:99) en að vísu ekki nema fjögur svo að mér séu kunn, tvö eru í Grettis rímum:

- (16) Af stefnv gengr en sterki dreingr,
 stridi mvn sa vallaða;
 þegninn væn firi Þorfinz bæn
 þa skal landz vist hallða. (Grettis rímur VIII.7; *Rímnasafn* I:92)

„I Tvnsbergi sitr trvr ok vitvr,
 tiggj red þat sanna,
 „bondi ein er beitir flein,
 brodir þessara manna. (Grettis rímur VIII.26; *Rímnasafn* I:95)

Handrit rímnanna er Kollsbók, frá um 1490, og þar er í þessum dæmum stafsett í samræmi við þennan framburð og eru þess fleiri dæmi í texta rímnanna þótt ekki séu rímbundin. Þetta gæti stafað frá frumriti skáldsins og bendir þó til að slíkar myndir hafi ekki verið skrifara Kollsbókar framandi.

Tvö önnur dæmi eru varðveitt í rímum í Staðarhólsbók, frá um 1550 (ljóspr. *Early Icelandic Rímur* 1938):

- (17) Ef duger þier eigi dukuren fin
 kuad dreifer odins palla
 ecki betra en annat lin
 eg skal hann þa kalla.
 (Hemings rímur IV.43; *Hemingsrímur* 1928:35)

Fiken giordizt fylkirs sueinn,
 flest uard upp at ganga,
 gleyppte hann knifa ok giorvoll beinn
 ok girntezt þo til fanga. (Lokrur III.19; *Rímnasafn* I:303)

Seinna rímorðið í vísunni úr Lokrum verður að skilja sem nafnorðið *bein* og verður þá að gera ráð fyrir nefnifallsmyndinni *svein*.

Björn K. Þórólfsson leit svo á að í vísu VIII.26 í Grettis rímum sé ónákvæmt rím (*flein : eimn*) sem sýni að þá hafi aðeins verið lengdarmunur á *n* og *nn*, jafnvel á eftir löngu sérhljóði. Þetta virðist þó ólíklegt eins og Jón Helgason (1927:91) rökstuddi. Reyndar gefur skáldskapur nokkuð misvísandi vitnisburð um það hvenær [t] kom inn í framburð *nn*. Í Drápu um Guðmund eftir Einar Gilsson sem uppi var um miðja 14. öld má finna athyglisverðar hendingar:

- (18) a. Drápa um Guðmund 17.5 hreinn nam hart at spyrna
 b. Drápa um Guðmund 21.1 Kiænn nam Kolbein finna
 (*Den norsk-islandske skjaldedigtning* 1915:400–401)

Fyrri dæmið er freistandi að túlka þannig að bæði *hreinn* og *spyrna* hafi framburð með [tn] eins og í nútímamáli. Hins vegar væri einfaldast að

túlka rímið *kænn* við *finna* þannig að hinn forni framburður sé enn við lýði og að í báðum orðum sé langt *n*. Hugsast gæti að Einar hafi beitt fyrir sig bæði fornum og nýjum myndum eftir hentugleika. Hvernig sem í þessu liggur er líklegt að tilkoma [t] í *nn* hafi veikt hliðstæðuna við myndir með *ss* og *rr* og ef til vill hefur það með einhverjum hætti orðið aðgreiningunni á *kænn* og *kæn* til lífs.

Það er erfitt að fullyrða um orsakasamhengi í þeim breytingum sem hér eru ræddar. Einn möguleiki gæti verið að í landinu hafi um 1400 verið tvö afbrigði í framburði á myndum eins og *hreinn* — sumir hafi borið þær fram með [tn] og aðrir með [n:]. Hjá þeim síðarnefndu hafi myndir eins og *þjónn* styst á sama tíma og myndir eins og *sárr* og *fúss* en hjá þeim sem höfðu [tn] framburð varð engin stytting. Það afbrigði varð svo á endanum ofan á.

(19) þjónn [n:] > þjón [n] (langt *n* styttist á eftir löngu sérhljóði)

En hvers vegna urðu þá *skín* og *bryn* ofan á fremur en *skínn* og *brynn*? Það yrði helst skýrt með því að þessar myndir hafi verið of fáar og óalgengar til að standa undir óvenjulegri beygingu.

(20) skínn [tn] → skín (sjaldgæf beyging einfölduð)

En ef hér var á ferð áhrifsbreyting til að einfalda beyginguna hvers vegna varð útkoman þá ekki **skínur* eins og í færeysku? Er ekki *ur* hin almenna ending þriðju persónu sterkra sagna? Eins og Haraldur Bernharðsson (2005:74) hefur sýnt fram á er rétt að hafa í huga kerfissamræmi (e. *system congruity*) þegar beyging íslenskra sagnorða er skoðuð. Hér getur því skipt máli að það mynstur að sama sagnmynd dugi fyrir allar persónur eintölu í nútíð framsöguháttar var í sókn á þessum tíma. Það er því mögulegt að breytingarnar *kýss* > *kýs* og *ferr* > *fer* hafi hjálpað til að ryðja brautina fyrir 3. p. myndina *skín*. Það gæti jafnvel líka skipt máli að beyging eins og „eg hefir“ er algeng í fornbréfum um 1400 (Haraldur Bernharðsson 2005:81) og þar eru þá einnig fordæmi fyrir því að myndir fyrstu persónu og þriðju persónu séu eins. Slíkar myndir með *r* í fyrstu persónu koma fyrir í rímum og sést þar að þetta er ekki tóm tilgerð í stafsetningu. Líta má á eitt dæmi.

(21) *bidur* eg að þu *brenner* allur
(Ormars rímur II.10, Haukur Þorgeirsson 2013:285)

Hér er ekki hægt að bera fram *bið* í stað *biður* því að þá verður til ófullkominn tvíliður með léttu fyrra atkvæði. Þetta er því ekki handvömm

skrifara heldur raunverulega það sem skáldið vildi sagt hafa. Að sagnmynd endi á *r* er sem sagt ekki ótvírætt merki til að greina í sundur fyrstu persónu og þriðju persónu á þessum tíma og þegar það er haft í huga kemur minna á óvart að *skín* hafi orðið ofan á frekar en **skínur*.

Enn er eftir að fjalla um þróun *n* og *nn* í áherslulusri stöðu í myndum eins og *himin(n)* og *fallin(n)*. Þar hefur innskot [t] aldrei komið til sögunnar og aðgreining *n* og *nn* er með öllu horfin í nútímamáli. Fyrir fram hefði mátt giska á að stytting hefði hér orðið á sama tíma og með sama hætti og í orðum sem enduðu á *rr* þannig að *himinn* hafi orðið *himin* á sama tíma og *hamarr* varð *hamar*. Þetta er þó ekki svo. Aðgreining *nn* og *n* í áherslulusri stöðu veiklaðist á 14. og 15. öld en stafsetning handrita sýnir að hún lifði að einhverju leyti í mállyskum fram á 18. öld eins og Jón Helgason (1970) sýndi fram á. Ekki er ljóst hvers vegna þessi aðgreining varð lífseigari en aðgreining *rr* og *r* en þess mætti geta til að það hafi skipt máli að *nn* var víðar fyrir hendi í beygingarkerfinu en *rr*.

(22) *himinn* [n:] > *himin* [n] (langt *n* styttist í áhersluleysi)

5.3 Stytting ll

Þegar forníslenska er borin saman við nútímamál er ekki að finna neinar myndir með *ll* sem hafa orðið fyrir styttingu í *l*. Eigi að síður sýna heimildir að slík stytting hefur sums staðar átt sér stað þótt hún hafi síðar gengið til baka. Þess mætti geta til að hjá þeim málhöfum sem höfðu styttingu á *nn* hafi líka orðið stytting á *ll*. Ég hef þó ekki í höndunum skýrar heimildir sem færa sönnur á þetta. Athyglisvert er samt að líta á Grettis rímur en þar eru, eins og getið er hér að framan, tvö greinileg dæmi um styttingu *nn* og einnig reynast þar vera tvö dæmi um styttingu *ll*, bæði í orðmyndinni *vill*:

(23) Ofnir brosti at ordvm rekk;
ætlig bezt at lidi Þekx
tanna byrgis Tifr ok Nil,
taki vit henni hver sem vil. (Grettis rímur VI.56; *Rímnasafn* I:85)

Gunnar vill ok get eg þess til
gilldra brædra hefna.“
Þangad avstr þeingill travstr
þegnvm giordi at stefna. (Grettis rímur VIII.27; *Rímnasafn* I:95)

Þarna verður að skilja sem svo að skáldið hafi getað notað myndina *vil* í þriðju persónu fyrst hann gat rímað við *til*. Venjulega myndin *vill* finnst þó einnig rimbundin í rímunum:

- (24) Audvn vill, því efnj eru jll, til Auglis sla;
vndir hoggit hliop hann þa;
horfa flestir leikinn a. (Grettis rímur II.45; *Rímnasafn* I:53)

Hér rímar *vill* og *ill*. Miðað við þetta hefur skáldið þekkt bæði eldri og yngri myndina.

Myndin *vil* er rimbundin í þriðju persónu í endarími í fleiri miðaldarímum (Ektors rímum, Skikkju rímum, Sturlaug's rímum og þrisvar í Andra rímum). Annars þekki ég aðeins eitt dæmi um rimbundna mynd sem sýnir einföldun *ll* og það er í Þrymlum:

- (25) Fiolnes þion kom furdu dæll
fram at landa bavgj,
ute stod firi Odens þræll
jotunin Þrymr a havgi. (Þrymlur I.21; *Rímnasafn* I:281)

Það rýrir vitnisburð þessarar vísu að hún er nokkuð afbökud í eina handritinu sem varðveitir hana, Staðarhólsbók. Skáletruðu stafirnir sýna leiðréttingartilraunir Finns Jónssonar en jafnvel með þeim er ekki fyllilega ljóst til hvers *landa bavgj* vísar. Í þriðja visuorði hlýtur ⟨þræll⟩ þó að vera þágufallsmynd en rímað er við ⟨dæll⟩ sem verður að vera nefnifallsmynd. Einlægast er að skilja þetta svo, þrátt fyrir stafsetningu handritsins, að hér rími saman *dæl* (með einföldun úr *dæll*) og *þræl*. Konráð Gíslason (1897:174) var fyrstur til að ræða þetta dæmi og hann benti einnig á athyglisverða stafsetningu seinna í rímunum: „Odins talade þrælenn slægr“ (Þrymlur II.2; *Rímnasafn* I:285). Þar gæti verið önnur vísbending um sömu breytingu.

Björn K. Þórólfsson tók eftir samrímunum þeim sem ræddar hafa verið í þessum kafla en túlkaði á annan veg. Hann taldi að saman rímaði til dæmis *til* og *vill* og virðist hafa séð fyrir sér að skáldin tækju sér þarna skáldaleyfi til að ríma saman stutt og löng samhljóð (Björn K. Þórólfsson 1925:xxxii). Ef þessi skýring væri rétt mætti búast við rími eins og *spil* við *ill* eða *tal* við *fall* en engin slík dæmi þekki ég.

Einföldun *ll* er að einhverju leyti samferða einföldun *nn* en nýjungin varð aldrei ríkjandi í orðmyndinni *vill* ólíkt því sem var með myndirnar *skín*, *hrín* og *dvín*. Hér getur það skipt máli að sögnin *vilja* er mikla algengari en hinar sagnirnar sem um ræðir og óvenjulegar beygingarmyndir

lífa fremur af ef þær eru algengar. Þessi einkennilega beyging er þó ekki alveg sársaukalaus því að í nútímamáli er tilhneiging til að nota myndina *vill* bæði í fyrstu og þriðju persónu (sjá nánar Harald Bernharðsson 2005).

Vitnisburður um einföldun *ll* er almennt veikari en um einföldun *nn*. Í Guðbrandsbiblíu eru aðeins örfá dæmi um einföldun *ll*, Oskar Bandle gefur tvö, nefnifallsmyndirnar ⟨Pistilin⟩ og ⟨mykel⟩ (karlkyn) (Bandle 1956: 101, 108). Þetta gætu jafnvel verið prentvillur. Innskotið [t] í myndum eins og *jökull* hefur væntanlega stuðlað að því að varðveita greinarmuninn *jökull* : *jökul* ólíkt því sem var með *jöfurr* : *jöfur* og *jötunn* : *jötun*.

6. Rímur sem fulltrúar fyrir tiltekin málstig

Í þessari rannsókn er oftlega vísað til rímna og rétt er að sýna hér frekari dæmi um það hvernig málbreytingarnar sem um ræðir birtast þar. Ég sýni hér fyrst dæmi úr Áns rímum en elsta handrit þeirra er Kollsbók frá lokum 15. aldar (ljóspr. *Kollsbók* 1968). Rímurnar eru alls 550 vísur og í þeim er ekkert dæmi þar sem stytting langra samhljóða í bakstöðu kemur fram í rími. Ég sýni hér nokkur dæmi um það hvernig Áns rímur eru í samræmi við málstigið sem birtist í handritum frá 14. öld:

- (26) Gunna sveit a golfit fus
grumla þegar i fremra hus
(Áns rímur II.29; *Áns rímur bogsveigis* 1973:102)

Hérna rímar kvenkynsmyndin *fús* við þolfallið *hús*.

- (27) Annan veg geck An til hus
eckj mætti hann þrælum
þann veg verdur flokkurenn fus
funden lokx at velum.
(Áns rímur V.45; *Áns rímur bogsveigis* 1973:141)

Hér rímar, ef miðað er við fornt mál, karlkynið *fúss* við eignarfallið *húss*. Skrifari Kollsbókar ritar hins vegar ⟨hus⟩ sem kann að vera til marks um að hann hafi notað eða þekkt slíkar myndir í eignarfalli.

Hér er dæmi þar sem samhljóðið er langt *n*:

- (28) Seg þu þegar at solen skin
si(a)lfum kongi bodskap min
gersemi þessa og god grip þinn
gelld eg honum fyrer brodur sinn.
(Áns rímur IV.8; *Áns rímur bogsveigis* 1973:123)

Hér rímar saman, ef miðað er við fornar myndir, *skínn*, *mínn*, *þínn* og *sínn* enda er sérhljóðið *í* algengt í allri beygingu eignarfornafnanna í dróttkvæðum og fornum rímum. Ólafur Halldórsson fjallar um þetta dæmi en skýrir að vísu á annan hátt:

Forn mynd eignarfornafns annarrar persónu í hvk. et. *þítt* er rímbundin í II 25.3 og 4 *frítt* : *þítt*, og af eignarfornöfnunum *mínn*, *þínn*, *sínn* eru styttrar óbeygjanlegar myndir rímbundnar í IV 8, þar sem á að lesa rímorðin *skín* : *mín* : *þín* : *sín*. Hér standa eignarfornöfnin næst á eftir nafnorðinu sem þau fylgja, svo sem algengast er þar sem þessar orðmyndir koma fyrir í skáldskap. (Ólafur Halldórsson 1973:69)

Skýring Ólafs er ekki útilokuð enda er það rétt að óbeygðar myndir koma stundum fyrir og reyndar er dæmi um það í Áns rímum (II.52). Eftir stendur þó að rímið í vísu IV.8 er ekki í ósamræmi við fornt mál.

Dæmi þar sem fjögur orð ríma saman geta verið sérstaklega upplýsandi:

- (29) So skal marka mellu ver
at megi þig kenna óllden hver
þattu kemur j þengels her
þat man leingst at sidazt er.

(Áns rímur IV.6; *Áns rímur bogsveigis* 1973:123)

Hér rímar þolfallið *ver* við kvenkynið *hver*, þolfallið *her* og sögnina *er*. Eftir að *rr* er fallið saman við *r* verða sjaldan til dæmi á borð við þetta af tilviljun einni saman heldur koma þá orð með fornu *r* og fornu *rr* saman í einni bendu.

Sem dæmi um rímnaflokk þar sem málbreytingarnar eru gengnar í gegn tek ég hér Vilmundar rímur en elsta handrit þeirra er Staðarhólsbók frá miðri 16. öld.

- (30) Hyggur odyggur heilla laus.
hardur j fleina *kife.
kliufa og riufa kappans haus
og koma so hinum fra life.

(Vilmundar rímur IV.36; *Vilmundar rímur viðutan* 1975:68)

Þetta rím hefði ekki staðist að fornu þar sem *lauss* og *haus* ríma ekki.

- (31) ytum gefur hann ormma sker.
allur lofar hann kongsens her.

(Vilmundar rímur II.10; *Vilmundar rímur viðutan* 1975:45)

Að fornu væri hér *sker – herr*.

- (32) Geck at reckum Randa þor.
reiden tok at suella.
hetian let þa hoggin stor
ä holdum ymsum bella.

(Vilmundar rímur IV.41; *Vilmundar rímur viðutan* 1975:68)

Að fornu væri hér *Þórr – stór*.

Vilmundar rímur eru 1143 vísur og í þeim hef ég fundið 38 rímbundin dæmi um styttingu *rr* og tvö dæmi um styttingu *ss*.

Þessi dæmi úr Áns rímum og Vilmundar rímum sýna að í rímum frá miðöldum er mjög misjafnt hvort gengnar eru í garð þær málbreytingar sem hér hefur verið fjallað um. Það er því ugglaut rétt sem Finnur Jónsson hélt fram að þetta sé gagnlegt einkenni til að aldursgreina rímur. Miðað við þróun stafsetningar í dagsettum skjölum má ætla að þær rímur sem sýna ekki breytingarnar séu frá 14. öld eða í síðasta lagi frá upphafi 15. aldar.

Það er enginn hæðarleikur að finna skýrt dæmi um rímnaflökk þar sem *rr* hefur styst á eftir löngum sérhljóðum en ekki stuttum. Þeir rímnaflökkar sem hafa tvö eða fleiri dæmi um styttingu á eftir löngu sérhljóði hafa allir einnig dæmi um styttingu á eftir stuttum sérhljóðum. Það er helst að vert sé að nefna Geirarðs rímur sem mögulegt dæmi um þetta málstig. Þar eru þessi rímbundnu dæmi um styttingu á *rr* í bakstöðu:

- (33) Þríamús heldur óðr og ær
upp á land með dróttir þær;
rekkar tjalda Reinsborg nær,
ristill af því sorgir fær. (Geirarðs rímur IV.33, *Rímnasafn* II:498)

Geirarðs feðr að gorpum veðr
og grimmleik sannar;
sá var meðr, sem garpa gleðr,
Galífreyr annar. (Geirarðs rímur VII.28, *Rímnasafn* II:518)

Hér er eðlilegt að gera ráð fyrir yngri myndunum *ær* fyrir *ærr* og *annar* fyrir *annarr*. En í áhersluatkvæðum á eftir stuttum sérhljóðum er í *Geirarðs rímum* rímað í samræmi við fornan framburð eins og eftirfarandi vísa er dæmi um.

- (34) Sá hefr verr, að sorgir berr,
og semr um fræði,
annar hverr að einatt ferr
með afmors kvæði. (Geirarðs rímur VII.22, *Rímnasafn* II:517)

7. Niðurstöður

Á fyrri hluta 14. aldar hefur í íslensku orðið nokkur endurskipulagning á hlutverki *rr* í beygingarkerfinu og fyrir áhrifsbreytingar eru þá tilkomnar myndir eins og *nýrr*, *nýrri*, *sjórr* (Möðruvallabók) og jafnvel *deyrr* (Skarðsbók). Í fyrri skrifum um styttingu langra samhljóða hefur þessum áhrifsbreytingum verið slegið saman við hljóðbreytingu sem varð nokkru seinna en hér er reynt að greiða betur úr þessu.

Hljóðfræðileg stytting *rr* virðist einkum breiðast út undir lok 14. aldar og við upphaf 15. aldar. Fyrstu merki um styttingu í áherslulausri stöðu (*hamarr* > *hamar*) sjást þegar við upphaf 14. aldar en í Skarðsbók (1363) er hin forna aðgreining þó enn fyrir hendi. Í Flateyjarbók (1387) bregður einföldun *rr* í áherslulausri stöðu hins vegar oft fyrir.

Stytting *rr* í áherslustöðu hefur gengið nokkru hraðar á eftir löngu sérhljóði en stuttu sérhljóði. Þó er erfitt að festa hendur á handriti þar sem greinarmunurinn er horfinn á eftir löngu sérhljóði en sprellifandi á eftir stuttu sérhljóði. Það er helst að AM 149 8vo (ritað 1387) gæti verið menjar um slíkt málstig og enn fremur er rím í Geirarðs rímum í samræmi við það.

Í Flateyjarbók er greinarmunur *r* og *rr* á eftir löngu sérhljóði enn fyrir hendi, til dæmis þannig að *Þórr* er nefnifall og *Þór* þolfall. En vitnisburður dagsettra skjala sýnir að snemma á 15. öld er þessi aðgreining fyrir bí. Í áherslustöðu á eftir stuttu sérhljóði benda dagsett skjöl til að aðgreining mynda eins og *hverr* og *hver* hafi verið örlítið lífsseigari en eftir 1430 er þar mjög tekið að halla undan fæti.

Einföldun *ss*, *ll* og *nn* hefur að einhverju leyti orðið samferða styttingu á *rr* en flókið er að greiða þar í sundur hvað sé hljóðbreyting og hvað áhrifsbreyting enda varð þar hvergi einföldun í stofni orða, ólíkt því sem var um *rr* (t.d. *fýrr* > *fyr*). Ég held því ekki fram að mér hafi tekist fullkomlega að greiða úr þessu.

Erfitt er að rekja styttingu *ss* nákvæmlega því að það er tiltölulega sjaldgæft í málinu. Ég bendi þó á að stytting hefur orðið bæði í nefnifallsmyndum (*fúss* > *fús*) og eignarfallsmyndum (*húss* > *hús*) sem er í samræmi við að um hljóðbreytingu sé að ræða þótt það sé ekki full sönnun þess.

Stytting *nn* í áhersluatkvæðum (eða einföldun [tn] í [n]) varð almenn í örfáum orðmyndum, einkum *brynn* og *skinn*. Í orðum eins og *þjónn* og *beinn* urðu nýju nefnifallsmyndirnar *þjón* og *bein* á endanum undir en töliverð merki má sjá um þær bæði í stafsetningu og rími. Hér er ekki ljóst hvort hljóðbreyting komi við sögu eða hvort breytingarnar snúist einkum um að óvenjulegt beygingarmynstur verði fyrir skakkaföllum.

Stytting *ll* (eða einföldun [tl] í [l]) virðist aldrei hafa orðið útbreidd nema þá helst í sagnmyndinni *vill* sem keppir við *vil* í rími miðaldarímna. Þar hlýtur aftur að vera beygingarleg breyting á ferð sem miðar að því að útrýma óvenjulegri beygingu. Forn myndin verður þó á endanum ofan á enda er vel þekkt að algeng orð geti viðhaldið sérkennilegum beygingarmynstrum.

Varðveittir eru rímnaflokkar sem sýna engin merki um styttingu langra samhljóða og eru hér Áns rímur teknar sem dæmi. Finnur Jónsson benti á að stytting langs *r* í áhersluatkvæðum á eftir stuttu sérhljóði væri nothæft einkenni til að tímasetja rímur. Þetta er rétt en gildir trúlega almennt um styttingu langra samhljóða enda er svo að sjá að skáldið sem orti Áns rímur hafi notað orðmyndir eins og *fúss* og *skínn*.

HEIMILDIR

- Aðalsteinn Hákonarson. 2016. Aldur tvíhljóðunar í fornislensku. *Íslenskt mál og almenn málfraði* 38:83–123.
- AM 350 fol. Ljósmyndir á vef. (<https://handrit.is/is/manuscript/view/is/AM02-0350>).
- AM dipl. Isl. fasc. XXV, 5; XXV, 6; XXVI, 22; XXXII, 4 og XXXIV, 37 — frumbréf varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- van Arkel-de Leeuw van Weenen, Andrea. 1987. *Möðruvallabók. AM 132 Fol. I. Index and Concordance*. Brill, Leiden.
- Áns rímur *bogsveigis*. 1973. Útg. Ólafur Halldórsson. Íslenskar miðaldarímur II. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*. Bibliotheca Arnarnagæana XVII. Ejnar Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Björn K. Þórolfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr formmálinu*. Reykjavík.
- Early Icelandic Rímur. 1938. Útg. Ejnar Munksgaard. MS No. 604 4to of the Arnarnagæan Collection in the University Library of Copenhagen. (Corpus Codicum Islandicorum Medii Aevi XI.) Levin & Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Finnur Jónsson. 1902. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*. Tredje bind. Gad, Kaupmannahöfn.
- Finnur Jónsson. 1926–1928. *Ordbog til de af Samfund til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rímur samt til de af dr. O. Jiriczek udgivne Bósarímur*. Jørgensen, Kaupmannahöfn.
- Flateyjarbók I–III. 1860–1868. Útg. Guðbrandur Vigfússon og C. R. Unger. Christiania.

- GKS 1005 fol. Ljósmyndir á vef. (<https://handrit.is/is/manuscript/view/GKS02-1005>).
- Haraldur Bernharðsson. 2005. *Ég er, ég vill og ég fer*. Þáttur úr beygingarsögu eintölu fram-söguháttar nútíðar. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 27:63–101.
- Haukur Þorgeirsson. 2013. *Hljóðkerfi og bragkerfi. Stofhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni*. Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Hugvísindastofnun, Reykjavík.
- Hemingsrímur*. 1928. Útg. P. M. den Hoed. H. D. Tjeenk Willink & zoon, Haarlem.
- Hreinn Benediktsson. 1959. Áhrifsbreytingar í íslenzku. *Íslenzk tunga* I:55–70.
- Íslenzkt fornbréfasafn*. I–VII. 1857–1907. Kaupmannahöfn og Reykjavík.
- Jóhannes L. L. Jóhannsson. 1924. *Nokkrar sögulegar athuganir um helztu hljóðbreytingar o. fl. í íslenzku, einkum í miðaldarmálinu (1300–1600)*. Reykjavík.
- Jón Helgason. 1926. Ortografien i AM 350 fol. *Meddelelser fra Norsk forening for Sprogvidenskap* I:45–75.
- Jón Helgason. 1927. Anmälan: Björn K. Þórólfsson: Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr formálinu. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar. Reykjavík 1925. *Arkiv för nordisk filologi* 43:88–95.
- Jón Helgason. 1929a. *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. Møller, Kaupmannahöfn.
- Jón Helgason. 1929b. Om ordet 'gud' i isländskan. *Studier tillägnade Axel Kock*, bls. 441–451. Gleerup, Lund.
- Jón Helgason. 1970. Om islandsk n og nn i tryksvag udlyd. *Opuscula* IV: 356–360.
- Kjeldsen, Alex Speed. 2016. Pronomenerne i de ældste islandske originaldiplomer. *Opuscula* 14:325–379.
- Kollsbók. Codex Guelferbytanus 42. 7. Augusteus quarto*. 1968. Útg. Ólafur Halldórsson. Íslenzk handrit. Icelandic Manuscripts. Series in Quarto V. Handritastofnun Íslands, Reykjavík.
- Konráð Gíslason. 1897. *Efterladte skrifter*. II. Gyldendal, Kaupmannahöfn.
- Kålund, Kristian. 1908. *Alfræði íslenzk 1. Cod. mbr. AM 194 8vo*. Møller, Kaupmannahöfn.
- de Leeuw van Weenen, Andrea. 2000. *A Grammar of Möðruvallabók*. Universiteit Leiden, Leiden.
- Den norsk-islandske skjaldedigtning*. 1915. Útg. Finnur Jónsson. A II. Gyldendal, Kaupmannahöfn.
- Ólafur Halldórsson. 1973. Inngangur. *Áns rímur bogsveigis*, bls. 7–84. Íslenzkar miðaldarímur II. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Rímnasafn* I–II. 1905–1922. Útg. Finnur Jónsson. Møller, Kaupmannahöfn.
- Stefán Karlsson 1960. Ortografien i islandske originaldiplomer indtil 1450. Óútgefin meistaráprófsritgerð við Kaupmannahafnarháskóla.
- Stefán Karlsson (útg.). 1963. *Íslandske originaldiplomer indtil 1450. Text*. (Editiones Arnemagnæana A 7.) Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Stefán Karlsson (útg.). 1967. *Sagas of Icelandic Bishops. Fragments of Eight Manuscripts*. Rosenkilde & Bagger, Kaupmannahöfn.
- Timarit.is*. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. (<https://timarit.is/>).
- Vilmundar rímur viðutan*. 1975. Útg. Ólafur Halldórsson. Íslenzkar miðaldarímur IV. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.

SUMMARY

‘Degemination of final consonants in late Old Icelandic’

Keywords: degemination, Old Icelandic, morphology, phonology, poetry as linguistic evidence

Old Icelandic had an inflectional system in which certain morphological categories were marked with long consonants (*rr*, *ss*, *nn*, *ll*) in final position. This system was intact ca. 1300 but was heavily modified in the 14th and 15th centuries. The present study traces the changes involved more closely than previously attempted, both with regards to the timing and causality of the shifts.

Some 14th century manuscripts show long consonants in forms like *sjórr* (‘sea’, nom. sg.). I explain this innovation as an analogical change facilitated by the rise of the epenthetic vowel *u* ca. 1300. When forms like *hest-r* (‘horse’, nom. sg.) turned into *hest-ur* the perception of final *r* as a marker of the nominative was weakened. When the old form *sjó-r* (‘sea’, nom. sg.) lost this support, the timing was opportune to assimilate it to the pattern of words like *Þórr* (‘Thor’, nom. sg.), where a long consonant marked the nominative. Similar considerations apply to innovations like *nýrr* (‘new’, nom. sg. masc.) and *deyrr* (‘dies’).

When this analogical change is accounted for, it turns out that the old system of long consonants was still intact, in stressed syllables, near the end of the 14th century as shown by the orthography of Flateyjarbók and rhyme in early *rímur* poetry. But then there was a relatively quick collapse with innovations like *hvárr* > *hvár* (‘who of two’, nom. sg. masc.) and *hverr* > *hver* (‘who of many’, nom. sg. masc.) dominant by the mid-15th century. This change appears to have phonological aspects since it proceeded more quickly after a long vowel and also occurred in words like *fýrr* (‘before’) where the long consonant had no morphological function.

Shortening of long consonants also occurred after *s* in forms like *ýss* (‘tumult’, nom. sg.), *fúss* (‘willing’, nom. sg. masc.), *kýss* (‘chooses’) and *mýss* (‘mice’). Since there are relatively few words involved, this change is more difficult to trace but appears to have proceeded more or less alongside the change in words with final *rr*. It could be seen as a sort of morphological clean-up operation, i.e. a consequence of the loss of final *rr* as a morphological marker. But one indication that it may have a phonological aspect is that it also took place, for some speakers, in genitive forms like *húss* (‘of house’).

Finally, forms ending in *nn* and *ll* have largely survived into Modern Icelandic, perhaps protected in some way by the intrusive [t] in words like *þjónn* (‘servant’, nom. sg.) and *vill* (‘wants’). But both spelling and rhyme show that monoconsonantal forms like *þjón* and *vil* did occur in the language of some 15th and 16th century speakers.

Haukur Þorgeirsson

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Árnagarði við Suðurgötu

IS-102 Reykjavík

ICELAND

haukur.thorgeirsson@arnastofnun.is